

2009 nr. 35 3. apríl**Lög um náms- og starfsráðgjafa**

Tóku gildi 8. apríl 2009. Breytt með 1. 77/2009 (tóku gildi 31. júlí 2009).

■ **1. gr.** *Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.*

□ Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr.

□ Leyfi skv. 1. mgr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 63/2006.

■ **2. gr.** *Matsnefnd.*

□ Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

□ Matsnefnd skal skipuð þremur fulltrúum, einum frá félagi náms- og starfsráðgjafa, einum tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

□ Nánar skal kveðið á um starfshætti matsnefndar í reglugerð.

■ **3. gr.** *Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.*

□ Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd réttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EEB, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

□ Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra stað-

festa leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd réttindi í aðildarríki samtakanna.

■ **4. gr.** *Leyfisveiting.*

□ Menntamálaráðherra er heimilt að veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar matsnefndar.

□ [Ráðherra er heimilt að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun náms- og starfsráðgjafa eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögum þessum. Ráðherra getur enn fremur veitt öðrum þar til bærum aðila slíka heimild.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirsmáli um fyrirkomulag og útgáfu leyfisbréfa í reglugerð.]¹⁾

¹⁾ L. 77/2009, 1. gr.

■ **5. gr.** *Þagnarskylda.*

□ Náms- og starfsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

■ **6. gr.** *Skyldur náms- og starfsráðgjafa.*

□ Náms- og starfsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða fagið.

□ Náms- og starfsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri ráðgjöf sem þeir veita.

■ **7. gr.** *Reglugerðarheimild.*

□ Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis og hvernig staðið er að veitingu og afturköllun leyfis.

■ **8. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **9. gr.** ...